

3. fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps, haldinn þriðjudaginn 22. janúar 2019 í félagsmiðstöðinni Zero á Flúðum og hófst hann kl: 17:30.

Fundinn sátu: Nói Mar Jónsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn: Mathias Bragi Ölvísson, Birgir Januz Kuc, Anna Marý Karlsdóttir, Una Bóel Jónsdóttir sem skráði fundargerð og Maja Vilstrup, forstöðumaður Zero.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Fara yfir tillögu að breytingum á samþykktum Ungmennaráðs.

Fórum létt yfir samþykktina, skoðuðum þá þætti sem lagt var til að breyta. Flestar breytingar sem við vildum breyta voru samþykktar nema ein tillaga um starfstímann.

2. Umræða um málþing SASS og Ungmennaráð Árborgar.

Málþing SASS sem fer fram daganna 30. – 31. janúar. Nói Mar, formaður fer, og væri gott að aðrir fulltrúar úr Ungmennaráði Hrunamannahrepps myndu fara. Dagskráin fyrir málþingið kom í lok fundarins og Maja las hana upp fyrir okkur. Nói Mar fer báða dagana, Mathias Bragi fer báða dagana, Birgir Januz og Una Bóel fara einungis á miðvikudag. Maja forstöðumaður Zero fer einnig á málþingið.

3. Sameiginlegur fundur með ungmennaráðum og umræða um málþing á okkar vegum.

Rætt var um hvenær sameiginlegur fundur ungmennaráða í Uppsveitunum verður en hann verður haldinn einhvern tíma í næstu viku. Á þeim fundi verður fjallað um málþingið s.s. hvernig þetta fer fram, dagsetningar, málefni, kostnaður o.s.frv.

Ástráður ræddi við Nóa og honum finnst málþingið eiga að vera haldið einhvern tíma í lok maí 2019 en rætt verður meira um það á fundinum í næstu viku.

Rætt var um að kynna málþingið í öllum grunnskólum á svæðinu (Uppsveitunum).

Ákveðið var að hafa sameiginlega fundinn eftir málþingið sem fer fram í Árborg.

4. Kynning á þingi um málefni barna í nóvember.

Kynning á þingi um málefni barna sem haldið er í nóvember. Nói Mar kynnti málið fyrir ungmennaráðinu en auðvitað verður annað ungmennaráð komið þá.

5. Umræða um þátttöku ungmennaráðs í stýrihópi varðandi heilsueflandi samfélag.

Ræddum snögglega um þátttöku ungmennaráðs í stýrihópi varðandi heilsueflandi samfélag. Nói Mar, formaður ungmennaráðs verður fulltrúi fyrir okkar hönd.

6. Hugmyndir ungmennaráðs.

- Ræddum aðeins um flokkunarmálin í Hrunamannahreppi en eftir áramótin hefur verið gerð breyting og flokkun aukist.
- Moltugerð, ræddum hvernig þetta er í Skeiða-og Gnúpverjahreppi.
- Að hafa allt eins í Uppsveitunum og á öllu Íslandi, hafa flokkunina eins svo fólk ruglist ekki því fólk í bænum hefur kannski ekki sömu flokkun á sorpi og fólk hér í uppsveitunum.
- Fræða grunnskólanemendur um flokkun.
- Fræða eldri kynslóðina, láta foreldra fræða börnin því oft það sem foreldrar gera, gera börnin, efla fræðslu og getu milli kynslóða.
- Mathias kom með þá hugmynd að innleiða grænfána kerfið í Hrunamannahrepp (grunnskóla og leikskóla)
- Hvað þarf að gera til að fá græna fánann.
- Ungmennaráð leggur fram að fá græna fánann.
- Jafningjafræðsla eftir að flokkunarföturnar verða komnar.
- Að hafa a.m.k. einn fund fyrir fund með sveitastjórn í mars.
- Hafa þann fund viku fyrir eða minna, áður en sá fundur verður.

Fundi slitið kl. 19:02.